



Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósinn eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að 100 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir fjárhagsárið út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fagstjórar og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva í borgarmiðstöðvum og fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á vef menntastefnu Reykjavíkur <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Greinargerð um verkefnið skal skila eigi síðar en þann 15. janúar á komandi ári ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar. .
8. Borgarmiðstöðvar hafa milligöngu um miðlun greiðslna til starfsstöðva. Greiðslur úr sjóðnum skulu berast viðkomandi starfsstað í upphafi verkefnis.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.



10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 12. febrúar 2019 og í borgarráði þann 21. febrúar 2019. Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 26. nóvember 2019 og í borgarráði þann 5. desember 2019, sbr. jafnframt breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 8. júní 2021 og í borgarráði þann 24. júní 2021. Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 11. desember 2023 og í borgarráði þann 21. desember 2023.